



Afstöðumynd

1 : 500

Dalshraun 11, veitingastaður.

Byggingarlýsing:
Húsið er staðsteypt 2.hæða hús.

Erindis lýsing:
Sótt er um Byggingarleyfi fyrir rekstur veitingastofu og greiðasölu án áfengisveitinga við Dalshraun 11, Hafnarfirði. Veitingastofan framleiðir og selur salöt, súpur og samlokur. Allt hráefni kemur fullleidd í hús og engin eldun fer fram í húsnæðinu. Umpökkun, niðurskurður á grænmeti og geymsla matvæla fer fram í bakrymi veitingastofunar. Fjöldi starfsmanna á vakt hverju sinni er 2. Starfsmannaástaða með eldhúsi og salerni er til staðar í húsnæðinu. Útbúið verður fyrir salerni fyrir viðskiptavini með aðgengi fyrir fatlaða. Fjöldi viðskiptavina í sætum er að hámarki 14.

Breytingar:

Aðeins er um innanhúsbreytingar í rými 0103 að ræða og engar breytingar eru á stærð né ytri ásýnd hússins.

Skipulag verður samkvæmt teikningum. Smíðað verður afgreiðsluborð og lausum borðbúnaði komið fyrir í hillum og skápum. Eitt salerni verða fyrir gesti sem er einnig fyrir hreyfihamlaða. Sorpgámar eru staðsettir í sorpskýli á lóð norðanmegin við húsið. Uppþvottarými er í bakrymi þar sem einnig er lager, kæli og frystir. Þessu rými verða vel loftræst. Geymsluhúslur eru við kæli þar sem geymdar eru þurrvörur, tóm drykkjarílát.

Allar klæðningar eru í flokki I. Líttir veggir eru úr tvöföldum 13mm gipsplötum á blikkstoðum, með steinull á milli. Kerfisloft er í niðurteknu lofti yfir veitingastað. Hefðbundið ofnakerfi er í húsinu og ofnar eru undir gluggum. Bílastæði fyrir hreyfihamlaða er staðsett framan við húsið og aðgengi og aðkoma frá því og inn á veitingastaðinn er sömu hæð.

BRUNAVARNIR
Eftirfarandi greinargerð brunavarna er frá Brunahönnun slf (mál nr. 24-126) í september 2024 fyrir veitingastað Dalshrauni 11, Hafnarfirði. Til grundvallar lausnum brunavarna er byggingarreglugerð nr. 112/2012 og 350/2013 með síðari breytingum, grein 9.2.2. liður a.

Flokkun og notkun byggingar
Veitingastaðurinn er í notkunarflokki 1 skv. byggingarreglugerð. Ekki fer fram eldun á staðnum.

Brunahólfun
Veitingastaðurinn er eitt brunahólf aðskilið frá öðrum rýmum með a.m.k. EI60 veggjum.
Eldhús er í sama brunahólfi og veitingasalur sem telst ásætlanlegt þar sem ekki er eldað í eldhúsi.

Burðarvirki
Brunamótstaða aðalburðarvirka er talin vera a.m.k. R90 og hæðaskil a.m.k. REI90.

Klæðningar
Klæðningar eru skv. ÍST EN 13501-1.
Innanhúsklæðningar eru í flokki 1 (K10 B-s1,dO).
Niðurtekið loft er í flokki B-s1,dO.
Gólfefni eru a.m.k. í flokki Cf-s1.
Utanhúsklæðningar eru í flokki 1 (K10 B-s1,dO).

Flóttaleiðir
Frá engum stað er lengra en 30 m í næsta útgang.
Frá vík og rökstuðningur; Frá veitingasal og eldhúsi er ein flóttaleið beint út. Hún mælist lengst um 30 metrar (2x15 m) fyrir starfsmenn (2) sem er í samræmi við grein 9.5.4 í byggingarreglugerð og samsvarandi leiðbeiningu HMS.
Lengsta flóttaleið fyrir gesti (allt að 14 manns) mælist lengst um 14 metrar (7x2m).

Brunaviðvörðunarkerfi
Viðurkennt númerað brunaviðvörðunarkerfi er í allri byggingunni skv. ÍST EN 54 og reglum HMS. Stjórnstöð og yfirlitsmynd er við aðalinnangang. Kerfið er tengt viðurkenndri vaktstöð.
Ljósmerki skal vera í veitingasal sbr. kröfur um algilda hönnun.

Loftræsikerfi
Ekki er reiknað með að loftræsikerfi fari á milli brunahólfa.

Reyklosun
Reykræsing er almennt um glugga og hurðir.

Slökkvitæki
Handslökkvitæki eru sett upp skv. teikningum, t.d. 6 L léttvatn en 5 kg kolsýra við aðalrafmagnstöflu. Slökkvitæki skulu vera skv. ÍST EN 3-7. Staðsetning slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

Leiðar- og neyðarlýsing
Leiðar- og neyðarlýsing er á veitingastaðnum skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum. Neyðarlýsing skv. „flóttaleiðum“ (1 lux) er í eldhúsi og göngum.
Neyðarlýsing skv. „opnum svæðum“ (0,5 lux) er í veitingasal og salerni fatlaðra.
Leiðarljós verður við útgang.

Brunabéttingar
Brunabéttingar skulu uppfylla sömu kröfur og viðkomandi brunahólfandi veggir og hæðaskil og vinnast af viðurkenndum aðilum.

Fyrirvari

Öll mál eru í mm. Mælið ekki af teikningum. Öll mál athugist á staðnum.

Ósamræmi í teikningum og vafaatriði skal tilkynna arkitektum strax.

Teikning skal lesin með viðeigandi gögnum og teikningum annarra hönnuða

shs 08.10.2024

Utg.	Skýring / Breyting.	Dags.	Teiknað/Yfirfarið
------	---------------------	-------	-------------------

Local, veitingastaður

TEGUND VERKS

Dalshraun 11, 220 Hafnarfjörður.

GATA/STAÐSETNING

Afstöðumynd	LANDNÚMÉR:	L120263
	STAÐGR.:	S1027848
	MHL:	MH01
	MKV.:	1:500
	BLAÐSTÆRD:	A2
	ÚTGÁFA DAGS:	08.10.2024
	TEIKNAD:	Jón D
	YFIRFARID:	-

0251

VERKNR.

A101

RADNR. ÚTGÁFA

Jón Davíð Ásgeirsson, Arkitekt FAI kt: 250280-5729

JODA ARKITEKTAR

Fiskilóð 75 | 101 Reykjavík | S: 6929883 | jon@joda.is | www.jodaarkitektar.is

© JODA ARKITEKTAR
ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR AÐ HLUTA EÐA Í HEILD ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA

Dalshraun

Fyrirvari

Öll mál eru í mm. Mælið ekki af teikningum. Öll mál athugist á staðnum.

Ósamræmi í teikningum og vafaatriði skal tilkynna arkitektum strax.

Teikning skal lesin með viðeigandi gögnum og teikningum annarra hönnuða

Skýringar:

- LR = Loftrásing
- GN= Gólfniðurfall
- SLT= Slökkvitæki
- BS= Brunaslanga
- MV= Matvælavaskur
- AV= Áhaldavaskur
- BV= Borðbúnaðarvaskur
- UPV=Uppvottavél
- KV=Kaffivaskur
- PV=Þjónavaskur
- RV=Ræstivaskur
- HL=Handlaug
- SÍ=Sorplát
- NL=Neyðarlýsing

Útg. | Skýring / Breyting. | Dags. | Teiknað/Yfirfarid

Local, veitingastaður

TEGUND VERKS

Dalshraun 11, 220 Hafnarfjörður.

GATA/STAÐSETNING

Grunnmynd	LANDNÚMÉR:	L120263
	STAÐGR.:	S1027848
	MHL:	MH01
	MKV.:	1:100
	BLAÐSTÆRD:	A2
	ÚTGÁFA DAGS:	08.10.2024
	TEIKNAD:	Jón D
YFIRFARID:	-	

0251

A102

VERKNR. RADNR. ÚTGÁFA

Jón Davíð Ásgeirsson, Arkitekt FAI kt: 250280-5729

JODA ARKITEKTAR

Fiskislóð 75 | 101 Reykjavík | S: 6929883 | jon@joda.is | www.jodaarkitektar.is

© JODA ARKITEKTAR
 ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR AD HLUTA EDA | HEILD ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA

Stakkahraun

